



MOSFELLSBÆR
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Kindur á hringtorgi

Dags: 23.03.2017

Málsnúmer: 201703391/-

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Jóhanna Björg Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs

Óskað er afstöðu bæjarráðs gagnvart þeirri hugmynd að komið yrði fyrir 2-3 kindum til þess að skreyta hringtorg á Vesturlandsvegi við Þingvallaveg. Um yrði að ræða kindur frá Ásgarði sem smíðaðar yrðu eftir neðangreindu módeli.



Vegagerðin hefur fallist á að veita styrk vegna þessa verkefnis að fjárhæð 500.000,- krónur. Samkvæmt tilboði Ásgarðs kostar smíði hvernar kindar um 300.000,- krónur.

Til upprifjunar þá fór Mosfellsbær þess á leit við Vegagerðina árið 2008 að efnt yrði til hönnunarsamkeppni vegna skreytinga á hringtorgum í gegnum Mosfellsbæ, sem eru nokkur talsins. Ekki var brugðist við þeirri umleitan en af hálfu Mosfellsbæjar hefur þó árlega minnt á þetta verðuga verkefni við Vegagerðina. Ofangreind tillaga er að mati undirritaðrar skref í þeirri vegferð að skreyta og bæta úlit hringtorga í Mosfellsbæ.

Virðingarfyllst,

Jóhanna Björg Hansen
framkvæmdastjóri umhverfissviðs